

## TJARNARHRINGUR

Saman við myndum hérna hring  
til heilla á okkar leið.  
Bjartsýnin gjöfult þarfaping,  
þá verður brautin greið.  
Í flokka draga ei fólkið skal,  
fylgjum því hverja stund  
Allir skulu sitt eiga val  
og ávaxta lífsins pund.

Nú göngum við áfram hönd í hönd  
og horfum svo fram á veg,  
því ónumin víða eru lönd  
og óræktin sýnileg.  
Nú sjóndeildarhringinn víkkum við  
og veitum svo gleði í hug  
og mismunun engin gefum grið  
en göngum af reisu og dug.

Því reyndin svo oft er aðeins hálf,  
þó yfirborðið sé slétt.  
Horfumst í augu við okkur sjálf  
og okkur mun gangan létt.  
Þátttaka allra þegna er  
þjóðfélagsnauðsyn mest.  
Saman göngum til sigurs hér  
samhjálp er öllum bezt.

Reykjavík í apríl 2007  
Helgi Seljan